

Flórgoðinn

Ávarp skólastjóra

Mikilvæg atriði

- Síðasti kennsludagur fyrir páskafrí er föstudagurinn 11. apríl.
- Fyrsti kennsludagur eftir páska er þriðjudagurinn 22. apríl.
- Heilsdagsskólinn opinn dagana fyrir páska, verður að skrá börnin fyrir föstudaginn á undan (11. apríl).
- Frábær árangur í upplestrarkeppni í Hafnarborg.
- Aðalfundur Foreldrafélagsins verður 28. apríl.

Ágæti lesandi

Nú líður senn að lokum þessa skólaárs. Að loknu páskafrí sem hefst að loknum kennsludegi 11. apríl næst komandi eru ekki margir kennsludagar til vors.

Menningardagar Áslandsskóla sem haldnir voru dagana fyrir vetrarfrí tókust frábærlega. Hátíðin var sett að viðstöddum bæjarstjóra, formanni fræðsluráðs, fræðslustjóra og fleiri ráðamönnum bæjarins og er óhætt að segja að þá hafi tóninn verið gefinn og ekki lítið til baka eftir það. Nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn skólans lögðu mikla vinnu í undirbúning dagana á undan og uppskeran var svo sannarlega glæsileg. Kaffihús eldri nemenda var vel sótt og þurfti fljótlega að endurskoða pantanir á vöfludeigi, kakói og fleiru sem var á boðstólnum, slík var aðsóknin. Glæsiverk nemenda voru til sölu og rann ágóðinn til **Regnbogabarna** - fjöldasamtaka áhugfólks um einelti. Kom Stefán Karl Stefánsson forspraki

samtakanna í skólann á föstudeginum og veitti viðtöku því sem safnast hafði. Allir sem að komu eiga svo sannarlega hrós skilið. Nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn fyrir góðan undirbúning. Foreldrar og aðrir forráðamenn fyrir góða þátttöku.

Undirbúningur fyrir næsta skólaár er nú í fullum gangi. Allir starfsmenn skólans hafa nú sótt starfsmannasamtal hjá stjórnendum skólans og nýverið voru stöður við skólann auglýstar. Óhætt er að segja að viðtökur hafi verið góðar og metnaðarfullar umsóknir borist á borð skólastjóra. Ljóst er að einhverjar breytingar verða á mannhaldi skólans fyrir næsta skólaár og mun það skýrast þegar nær dregur.

Skóladagatal fyrir skólaárið 2003-2004 er nú til umsagnar hjá fræðsluráði og verður það sent heim með nemendum eftir páska. Það er gert tímanlega þannig að foreldrar geti hugsanlega skipulagt frítökur sínar þannig að þær skarist ekki við þann tíma sem skóli er í fullum gangi.

Vinna við **skólanámskrá** skólans hefur einnig verið í gangi og fékk foreldraráð drög í hendur í lok mars mánaðar vegna umsagnar um skólastarfrí til fræðsluráðs. Vinna við námskrána heldur áfram næsta vetur og verður þá hugað að útgáfu hennar.

Vefsetur Áslandsskóla www.aslandsskoli.is er nú á teikniborðinu og ætti að vera komið í gagnið fyrir næsta skólaár. Reyndar er hægt að kíkja þangað nú þegar og fara þaðan inn á vefsetur Fjallheima þar sem Ástríður kennari hefur sett upp skemmtilegan vef með fréttum af bekkjarstarfinu.

Ég vil að endingu óska nemendum, foreldrum / forráðamönnum, starfsfólki skólans og öllum velunnurum hans ánægjulegrar páskahátíðar.

Leifur S. Garðarsson
Skólastjóri

Frábær frammistaða í upplestri

Ávarp skólastjóra	1
Stóra upplestrarkeppnin og fréttir af félagsmiðstöð	1
Stærðfræðikeppnin í Flensborgarskóla	2
Tómstundaskólinn	2
Bókasafnið	2
Heilsdagsskóli í páskafrí	2
..að eiga gersemi eins og þig..	2

Nemendur Áslandsskóla tóku þátt í Stóru-upplestrarkeppninni í annað sinn á dögnum. Í fyrsta skipti voru fulltrúar Áslandsskóla tveir eins og frá hinum grunnskólum Hafnarfjarðar sem og frá Alftanesskóla.

Fulltrúar okkar voru Ása Karen Jónsdóttir og Sigurður M. Sívertsen.

Allir nemendur í 7. bekk - Jötunheimum tóku þátt í forvali og 10 efstu keppendurnir lásu til úrslita á menningardögum skólans. Þar sigruðu Ása Karen og Haukur Freyr Hafsteinsson.

Haukur átti því að vera annar fulltrúa okkar en vegna veikinda var brugðið á það ráð að kippa inn upplestrum til vara. Sigurður, Katla Hrunn Karlsdóttir og Anna

Lovísa Guðmundsdóttir tóku því fullan þátt í undirbúningi okkar keppenda.

Lesaramír fóru í heimsókn á leikskólann Tjarnarás og lásu fyrir yngstu börnin. Einnig var farið í heimsókn á Dvalarheimili eldri borgara á Hrafnistu og lesið þar við frábærar undirtektir. Voru nemendur faðmaðir í bak og fyrir og kærlega þakkað fyrir komuna. Ljóst að heimsókn á Hrafnistu er komin til að vera í undirbúningi fyrir Stóru - upplestrarkeppnina.

Ása Karen og Sigurður stóðu sig síðan með mikilli þrýði í Hafnarborg þar sem þau lásu fyrir fullum sal áhorfenda. Þau voru svo sannarlega verðugir fulltrúar Áslandsskóla.

Fréttir af félagsmiðstöðinni

26. mars
Sundferð

2. apríl
Stuttmyndakeppni Hafnarfjarðar

9. apríl
Páskabingó

23. apríl
Bláa Lónið

30. apríl
Heimsmeistaramót í Kleppara

7. maí
Keiluferð

16. maí
Lokaskrall félagsmiðstöðva

Heilsdagsskóli í páskafrí

Páskafrí hefst í Áslandsskóla að loknum skóladegi föstudaginn 11. apríl n.k.

Heilsdagsskólinn verður opinn mánudaginn 14. apríl til og með miðvikudeginum 16. apríl. Skrá þarf nemendur sérstaklega þessa daga hvort sem þau eru alla jafna í heilsdagsskólanum eður ei.

Hægt er að nálgast slíkt skráningarblað á skrifstofu skólans ásamt upplýsingum um tilhögun greiðslu fyrir þessa daga.



Kríuás 1
221 Hafnarfjörður
Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610

Við ætlum að gera allt framúrskarandi vel.

....að eiga gersemi eins og þig....

Bara í kvöld....

- ...ætla ég að halda á þér í fanginu og segja þér frá deginum þegar þú fæddist og hvers vegna mér þykir svona vænt um þig...
- ...ætla ég að leyfa þér að busla og skvetta í baðinu og ekki verða reið út af vatninu á gólfinu...
- ...ætla ég að leyfa þér að vaka lengi og skoða stjörnurnar á himninum...
- ...ætla ég að kúra hjá þér eins lengi og þú vilt, þó að ég missi þá af uppáhaldspættinum mínum...
- ...ætla ég að dást að þér og vera þakklát fyrir að eiga gersemi eins og þig.



Nemendur!
Munið að afhenda foreldum ykkar þetta fréttabréf samdægurs.

Góður árangur

Nemendur í Garpheimum tóku á dögnum þátt í stærðfræðikeppni í Flensborgarskóla.

Keppnin er haldin ár hvert fyrir nemendur í unglíngadeildum grunnskólanna og þar sem við erum aðeins með einn árgang sem telst til unglíngadeilda tóku nokkrir nemendur Garpheima þátt í keppninni.

Okkar fólk stóð sig með mikilli þryði og ljóst að nemendur Áslandsskóla munu taka þátt í keppninni á komandi árum.

Gunnar Ragnarsson stóð sig best nemenda úr Áslandsskóla en hann var í hópi 10 efstu keppenda úr 8. bekkjum.

Til hamingju með góðan árangur.

Tómstundaskólinn

Síðasta námskeiðslofa
Tómstundaskólans er nú hafin.

Lotan stendur yfir frá 2. apríl til og með 21. maí nú í vor.

Skráningar stóðu yfir í nokkra daga og nú er búið að setja upp þau námskeið sem í boði eru.

Nemendur hafa einnig fengið upplýsingar um hvaða námskeið þau komust í.

Ekki verður hægt að skrá sig nú þegar námskeiðin eru hafin.

Verið er að skoða með hvaða hætti Tómstundaskólinn verður skipulagður næsta skólaár.

Bókasafn

Uppbygging á skólabókasafni Áslandsskóla er komin af stað.

Meðan á menningardögum stóð streymdu inn nýjar og gamlar bækur á safnið okkar ásamt því sem myndbendaasafnið hefur einnig stækkað.

Nú stendur fyrir dyrum að skrá öll bókasöfn landsins og ljóst að okkar safn fer inn í það ferli þegar því verki verður hrint í framkvæmd.

Við viljum beina því til allra sem aflögufærir eru að ef þið liggið á bókum, innlendum sem erlendum, sem hafa lokið hlutverki sínu á hemilinu, þá endilega komið þeim á safnið okkar þar sem þær koma að góðum notum.

Flórgoðinn

Fréttablað Áslandsskóla.

Ábyrgð, skrif, hönnun og umbrot:
Leifur S. Garðarsson skólástjóri